
66. Steinunn Þóra Árnadóttir (Replik)

Virðulegi forseti. Ég ætla að halda áfram að gera lýðræðismálin í alþjóðasamhengi og alþjóðamálin að umfjöllunarefni en beina spurningu minni til Stefans Löfvens. Hann sagði hér áðan í svari að beðið væri eftir ákvörðunum frá Evrópusambandinu varðandi flóttamenn og það er einmitt samkomulagið sem Evrópusambandið, og þar með Norðurlöndin í raun, hafa gert við Tyrki sem mig langar að tala um — við Tyrki sem við gagnrýnum fyrir að brjóta á réttindum minnihlutahópa eigins ríkis — samkomulag um að virka sem einhvers konar landamæri eða grensa inn til Evrópu. Mig langar í fyrsta lagi að spyrja af hverju slíkt samkomulag er gert og hins vegar spyr ég hvort við Norðurlandabjóðirnar séum ekki á þunnum ís þegar við annars vegar hreykjum okkur af réttindum fólksins sem nú þegar býr á Norðurlöndum en tölum svo fyrir mannréttindum, sem við viljum jú koma á á heimsvísu, en vinnum að því í raun að halda fólki frá og höfum ekki komið okkur upp kerfi til þess að fólk geti komið hingað í okkar velferðarsamfélög, sest að og skapað sér hér betri framtíð.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president. Jag tänker fortsätta att prata om de demokratiska frågorna [i internationellt sammanhang](#) och om den internationella politiken och min fråga riktar till Stefan Löfven. Han svarade för en stund sen på en fråga och sa då att man väntar på EU:s beslut i flyktingfrågan, och det är precis EU:s, och därmed i praktiken Nordens, avtal med Turkiet som jag skulle vilja prata om – med Turkiet som vi riktar kritik mot för att inte respektera sina egna minoriteters rättigheter – ett avtal om att fungera som ett slags gräns eller barriär till Europa. Jag skulle för det första vilja fråga varför man ingår ett sådant avtal, och för det andra frågar jag om vi i Norden inte är ute på hal is

när vi å ena sidan stoltserar med de rättigheter som åtnjuts av de som redan bor i Norden och samtidigt talar för de mänskliga rättigheterna, som vi ju vill upprätthålla globalt, men å den andra faktiskt gör det svårare för människor att flytta hit, och inte har byggt ett system som gör det möjligt att flytta hit till våra välfärdssamhällen, bosätta sig här och hitta en bättre framtid.

Information

Speech number

66

Speech type

Replik

Person

[Steinunn Þóra Árnadóttir](#)

Speaker role

Nordisk Grønt Venstres talsperson

Date

30.10.18 16:48